

BARNAAFMÆLI

GEYMIÐ
BLAÐIÐ

FÖSTUDAGUR 27. SEPTEMBER 2013

Kynningarblað Bíó, Gokart, Laser Tag, hoppukastalar, hópefli, veitingar og leikir.



Smárabíó er eitt glæsilegasta kvikmyndahús landsins. Ekki er amalegt að færa afmæli sitt þangað og horfa á skemmtilega bíómynd með ættingjum og vinum.

Afmælisgestum boðið í bíó

Smárabíó býður upp á skemmtilega tilbreytingu fyrir barnaafmæli. Afmælisbarnið býður gestum sínum í bíó og allir fá popp, gos og afmælissöng. Sífellt fleiri nýta sér þennan möguleika.


Jón Eiríkur Jóhannsson rekstrarstjóri segir að sífellt fleiri nýti sér þetta skemmtilega form á því að halda barnaafmæli. „Þetta hefur verið gríðarlega vinsælt og þeim fer stöðugt fjölgaandi sem koma hingað í Smárabíó og halda veislu. Börnin hafa verið einstaklega ánægð með svona afmælisveislu. Til dæmis hafa mörg afmælisbörn komið með gesti á hina vinsælu mynd Aulinn ég sem við erum með í sýningu um þessar mundir. Ég á von á því að væntanlegar myndir á borð við Turbo, Skýjað með kjötbollum á köflum 2, Frozen og Risaeðlurnar, sem eru allar á leiðinni í sýningar hjá okkur á næstu vikum og mánuðum, verði sömuleiðis mjög vinsælar,“ segir Jón Eiríkur. Gestir geta valið úr þeim myndum sem eru í almennum sýningum.

Algengt er að afmælishópar séu á bilinu 10-30 á aldrinum 5-14 ára en mögulegt er að taka á móti enn stærri hópum. „Við útbúum aðstöðu hjá okkur fyrir hvern hóp fyrir sig og leyfilegt er að koma með afmælisökku að heiman. Afmælisbarnið fær þá að blása á kerti og allir syngja afmælis-


sönginn. Þar sem þarfir hvers aldurs geta verið ólíkar ráðleggjum við fólki hvaða sýningar henta og hvernig best verði að þessu staðið fyrir hvern hóp. Aulinn ég hentar til að mynda gríðarlega vel því hún nær til breiðs aldurshóps og er með íslensku tali, en á hverjum tíma er nokkuð öruggt að Smárabíó er með í sýningu barna- og fjölskyldumyndir sem henta vel í alls konar afmælisveislur. Að minnsta kosti tveir fullorðnir þurfa að koma með börnunum. Yfirleitt kemur fólk með afmælisökku en síðan fylgir popp og gos hverjum bíómiða. Veittur er sérstakur hópafsláttur.“

Smárabíó í Smáralind hefur alltaf boðið upp á afmælissýningar fyrir börn en undanfarið hefur þessi tegund afmælisveislu orðið gríðarlega vinsæl. Sýningar eru kl. 13 og 15 um helgar en í miðri viku kl. 16 og 18.

Til að panta afmælissýningu þarf að fara inn á heimasíðuna www.smarabio.is þar sem sérstök beiðni er útfyllt og henni er síðan svarað innan 48 klukkustunda. Gott er að panta að minnsta kosti fimm dögum fyrir afmælið.



Þægileg sæti eru í Smárabíó og þar fer vel um afmælisgesti.



Myndin Aulinn ég hefur verið afar vinsæl hjá afmælisbörnum og gestum þeirra.

Turbo á eftir að slá í gegn hjá krökkunum en hún er væntanleg í sýningu fljótlega.



Sonur minn bað eindregið um sjóræningjaafmæli síðast. Fékk þá þessa hugmynd á netvafri. Mig minnir að ég hafi skoðað Youtube-myndband og útfært svo minn eigin sjóræningja.

Ég fékk skýrar leiðbeiningar frá dótturinni um prinsessukastalann. Hann átti að vera bleikur. Ég notaði reyndar aðra uppskrift og gerði appelsínuköku. Ég skoðaði ýmsa kastala í blöðum og á netinu og mixaði svo þennan. Sniðugt er að nota súkkulaðifingur í hengibrú, ískex í glugga o.fl. Svo má nota matarlit í ýmislegt, til dæmis til að lita ískexið.



Skellibjalla og ævintýrið um Pétur Pan var þemað og þá lá vel við að gera fjársjóðskistu. Nóg nammi fyrir alla og afar drjúg kaka. Í raun eru þetta bara tveir helmingar af skúffuköku sem þurfti að sniða aðeins til að gera hallann. Setti síðan stall undir lokið svo það héldi. Hugmyndina fann ég á netinu.



Dóttir mín vildi ólm fá krókodíl. Ég bakaði köku í hringformi, skar miðjuna úr með hringlaga glasi og skar svo hringina í tvennt. Svo er þeim raðað í S og miðjuhringurinn notaður að hluta í hausinn og lappinnar.

Hugmyndir koma frá börnunum

Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, uppfyllir drauma barna sinna með listilegri kökusníð á afmælisdögum þeirra. Fátt er henni ofviða, sjóræningar, prinsessukastalar og regnbogar hafa prýtt veisluborðin.

Hugmyndirnar að kökunum koma yfirleitt frá börnunum. Þau stinga upp á einhverju og ég reyni að uppfylla væntingarnar. Ég held að það hafi oftast tekist nema þegar dóttir mín bað um þylruköku. Þá sagði ég pass,“ segir Hrefna glaðlega. Hún notar yfirleitt góða skúffukökuuppskrift í kökurnar en tvöfaldar hana ef kakan er stór. „Eða ef ég sé fram á að þurfa talsvert af byggingarefni.“ Hrefna hefur notað aðrar kökutegundir eins og appelsínu- og gulrótarköku en súkkulaðikakan er alltaf vinsælust.

Hrefna segir auðvelt að leita að útfærslum á netinu en einnig koma blöð og uppskriftabækur að góðum notum. „Oft fæ ég hugmyndir úr ýmsum áttum og flétta þær svo saman eins og mér hentar. Svo dettur manni líka ýmislegt í hug og útfæri ég þá hlutina eftir eigin höfði,“ segir Hrefna sem lítur á kökugerðina sem skemmtilegt fönður. „Mér finnst þetta mjög gaman. Þetta er skapandi og ómetanlegt að sjá svipinn á krílunum þegar kakan er til.“



Hrefna með börnum sínum, Áslaugu Lilju og Sigurjóni Kára, sem fá hinar ýmsu hugmyndir fyrir afmæli sín sem móðir þeirra spreytir sig á.



Dóttir mín bað um himnaköku og þá voru góð ráð dýr. Á endanum gerði ég bara skúffuköku og bakaði svo eina köku í hringlaga formi, skar út miðju með glasi, skar hringinn í tvennt og lagði saman í regnboga með kremi og skreytti. Sykurpúðarnir voru fin ský. Þessi kaka var svo matarmikil að hún dugði í tvö afmæli.

Nú er komið app fyrir Fréttablaðið:

App sem þú þarft

Nýtt í spjaldtölvu og snjallsímann

FBL Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvu og snjallsímann með nýja Fréttablaðsappinu. Nú er hægt að nálgast Fréttablaðið hvar sem er, á hverjum morgni. Sláðu inn **Fréttablaðið** á Google Play, Windows store eða í App store og náðu í appið.

FRÉTTABLAÐIÐ

www.krakkahollin.is
krakkahollin@krakkahollin.is
 Sími: 860 0091

Leiksvæðið í Krakkahöllinni er eitt þúsund fermetrar.

MYND/DANIEL

Allir krakkar á aldrinum 2 til 10 ára eru velkomnir með forráðamönnum.

Fá alvöru útrás

Krakkahöllin á Korputorgi er frábær staður fyrir krakka. Leiksvæðið er þúsund fermetrar með fjölda hoppukastala og frábær aðstaða er fyrir afmælisveislur.

„Hingað í Krakkahöllina eru allir krakkar frá tveggja ára til tíu ára velkomnir með forráðamönnum en þetta er fjórða árið okkar hér á Korputorginu,“ segir Jóhann Tómasson, eigandi Krakkahallarinnar.

Í Krakkahöllinni er leikpláss upp á þúsund fermetra og fjöldi skemmtilegra hoppukastala.

„Hér fá allir frábæra útrás í leik og því tilvalið að halda afmælisveislur hjá okkur en við getum tekið við allt að 80 börnum í afmæli. Verðið er einungis 1.200 krónur á barn og innifalið er pítsa og drykkir og kandíflos. Hægt er að velja um margarítu, pepperóni eða skinku. Við sjáum um allt og göngum frá á eftir,“ segir Jóhann.

Einnig er hægt að koma með eigin veitingar í afmælið og kostar veislan þá 900 krónur á barn. Gott er að panta afmæli með viku fyrir-



Frábær aðstaða fyrir afmæli. Verð á barn er 1.200 krónur með veitingum.

vara í gegnum heimasíðu, tölvupóst eða síma.

„Hér eru næg bílastæði og krakkar einnig velkomnir inn

af götunni. Aðgangseyrir er 800 krónur og fær systkini helmingafslátt. Það er líka velkomnið að taka með sér nesti hingað inn.“



Spilað er í gegnum sjóræningjaborpið (sjá vinstri) og í kringum sjóræningjaskipið.

Öðruvísi afmæli í Skemmtigarðinum

Skemmtigarðurinn í Grafarvogi býður upp á ævintýralegar afmælisveislur fyrir krakka frá 6 ára og upp úr. Mikil áhersla er lögð á hópefli, útivist og hreyfingu og passað upp á að allir skemmti sér sem best.

Við erum með frábærar afmælisveislur fyrir alla krakka en við bjóðum upp á minigolf fyrir yngri krakkana og lasertag fyrir þau eldri. Við leggjum áherslu á útivist og hreyfingu og erum með sérstök afmælistilboð mánudaga til fimmtudaga, frá 1.250 krónum á barn,“ útskýrir Ingibjörg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Skemmtigarðsins í Grafarvogi.

„Við höfum boðið upp á barnaafmæli í Skemmtigarðinum síðastliðin fimm ár við miklar vinsældir. Foreldrar eru yfir sig ánægðir, sérstaklega með það að krakkarnir eru úti í fersku lofti og fá mikla hreyfingu.“

Foreldrar slaka á og börnin hverfa á vit ævintýrana

„Leiðbeinendurnir sjá um allt og halda utan um hópinn frá upphafi til enda. Foreldrar mæta með börnin og skilja þau eftir og geta svo bara slakað á. Þetta er mikil upplifun fyrir krakkana því yngri hóparnir fara í Ævintýraminigolf á tveimur stórum 18 holu minigolfvöllum sem innihalda meðal annars sjóræningjabæ og sjóræningjaskip í fullri stærð, en lasertag-vellirnir innihalda

meðal annars stóran píramída og Kúrekaþorp.“

Erum öðruvísi en aðrir

„Við erum öðruvísi en allir aðrir því að við bjóðum upp á skemmtunina undir beru lofti en svo er borðað inni eftir fjörið. Veðrið hefur því engin áhrif heldur gerir leikina bara meiri spennandi. Í lok leiks er boðið upp á pítsu og drykki og koma foreldrar oft með eitthvað heimabakað með.“

Afmæli er hópefli

„Hjá okkur geta allir tekið þátt og passað er að allir séu jafnir í hópnum. Í Lasertag spila krakkarnir saman í liðum á stórum þemavöllum og leiðbeinendur fylgjast vel með og lesa í samskiptin milli krakkanna. Leiðbeinendur hjá okkur eru vanir hópstjórar og hafa unnið með hópefli fyrirtækja og kunna því að lesa í hópa. Krakkarnir fá hlífðargalla sem gerir það að verkum að allir eru jafnir, í eins fötum og því er hópurinn sem einn.“

Í Skemmtigarðinum er opið allan ársins hring. Allar nánari upplýsingar er að finna á www.skemmtigarður.is/grafarvogur/ eða í síma 587 4000.



Það vilja allir standa uppi sem sigurvegarar.



Minigolf fyrir allan aldur.



Kátir krakkar í villta vestrinu.

100 prósent skemmtun og spennna

Afmælisveisla í Laser Tag er skotheld skemmtun fyrir börn eldri en átta ára. Þar mætir þeim spennandi leikur, heillandi hópefli og stanslaust stuð. Boðið er upp á tvöns konar afmælisþakka með leikjum, pitsum og gosi og vitaskuld er velkomið að koma með afmælistertuna að heiman.

Það heyrir gjarnan þegar stendur til að halda afmælispartí í Laser Tag að það sé ávísun á ónýtan skóladag sökum spennings og tilhlökkunar hjá krökkunum,“ segir Einar Birgisson, eigandi Laser Tag, sem býður tvo mismunandi afmælisþakka með leikjum, pitsum og gosi.

„Laser Tag er skemmtilegur afþreyingarleikur þar sem þátttakendur klæðast Laser Tag-vestum og fela sig, elta og hitta andstæðinginn með laserbyssum,“ útskýrir Einar um leikinn sem ungir og aldnir geta skemmt sér í.

„Laser Tag-salurinn er einn sá stærsti sinnar tegundar í Evrópu og hannaður af Darklight Developments Ltd. í Englandi. Í honum er allt sem fullkomnar stemninguna; leikmyndareykur, blikkandi ljós og fullkominn búnaður frá Darklight. Byssurnar eru með öllu skaðlausar og með innrauðum geislum sem gera Laser Tag að fullkominni og marblettalausri skemmtun,“ segir Einar og brosir.

Hann segir Laser Tag fela í sér fjör, spennu og hasar en börn þurfa að hafa náð átta ára aldri til að geta tekið þátt í leiknum.

„Laser Tag er einkar vinsælt meðal barna á aldrinum 9 til 13 ára og ríði einhver í bekknum á vaðið með afmæli í Laser Tag er víst að fleiri í bekknum halda upp á afmæli sitt hérna á eftir. Stelpur eru þar engir eftirbátar og hafa mikið sótt í sig veðrið á undanförunum árum.“

Þegar leik í Laser Tag lýkur fá

leikmenn útprentaða pappíra sem sýna árangur hvers og eins.

„Töfrar Laser Tag felast ekki síst í hópefli leiksins sem er 100 prósent skemmtun því hann fær krakkana líka til að vinna og tala saman. Ég tek svo sjálfur völdin þegar kemur að því að skipta í lið svo enginn verði út undan. Oftar en ekki kemur þá í ljós að sá sem er stundum til hliðar í bekknum slær í gegn með því að standa sig vel í Laser Tag,“ segir Einar.

Áður en leikur hefst er farið vandlega yfir leikreglur. Hver leikur, sem fram fer í risastóru vöndarhúsi, tekur fimmtán mínútur.

„Í Laser Tag geta börnin leikið sér frjáls og óheft í þægilegu umhverfi. Þegar slakað er á eftir leikinn er hægt að skemmta sér við þythokki, fótbolta-spil, billjard og 50 tomma sjónvarpsskjá með tilheyrandi barnaefni. Hvert afmæli fær úthlutað sérherbergi til afmælishaldsins og það er velkomið að taka afmælistertuna með sér. Við sköffum svo gos, djús, diska, hnífapör, glös og servéttur,“ upplýsir Einar.

Afmæli í Laser Tag miðast við átta gesti að lágmarki. „Hjá okkur bætist enginn aukakostnaður við og aðeins er greitt fyrir afmælisgesti sem mæta. Þá færist mjög í aukana að foreldrar taki sig saman fyrir bekkjarsystkin sem eiga afmæli á svipuðum tíma. Héðan fara allir heim sáttrir og glaðir og við sjáum um að taka til eftir veisluhöldin.“



Laser Tag
er á Salavegi 2 í Kópavogi.
Sjá nánar á www.lasertag.is

Það er ósvikið fjör að halda afmælisveisluna í Laser Tag.

MYNDIR/DANIEL



Spenna og einbeiting leynir sér ekki í andlitum þátttakenda í Laser Tag.



Í Laser Tag er gnótt skemmtilegrar afþreyingar fyrir afmælisgesti.

Leikir sem hrista hópinn saman

Börn elska leiki og að leika við önnur börn. Í öllum góðum afmælum er farið í leiki með afmælisgestum til að hrista hópinn saman með söng, leikrænni tjáningu og skemmtun.

KISUGREY

(FRÁ 5 ÁRA)

Hópurinn situr í hring á gólfi. Einn er hann og fer inn í miðjan hringinn og leikur kisu. Kisa labbar um í hringnum, stoppar fyrir framan einn þátttakandann og mjálmur þrisvar sinnum. Sá þarf að strjúka kisu um hausinn og segja kisugrey án þess að fara að hlæja. Takist honum það heldur kisa áfram að labba hringinn, velur sér nýjan þátttakanda og leikur sama leikinn. Geti þátttakandinn ekki stillt sig um að hlæja þarf hann að skipta um hlutverk við kisuna.

AÐ GEFA GJÖF

(FRÁ 4 ÁRA)

Börnin standa í hring. Eitt byrjar og gefur því sem stendur næst sér ímyndaða gjöf og segir: Ég er með gjöf handa þér, gjörðu svo vel. Sá sem fær gjöfina tekur við henni og þakkar fyrir sig, opnar hana og tekur upp það fyrsta sem honum dettur í hug, til dæmis frosk. Þá segir hann: Vá froskur! Takk fyrir. Því næst leggur hann froskinn frá sér, sækir nýja gjöf og gefur næsta manni. Þannig gengur þetta koll af kolla þar til allir hafa fengið gjöf.

BANGSI LÚRIR

(FRÁ 6 ÁRA)

Bangsi lúrir, bangsi lúrir bæli sínu í. Hann er stundum stúrin, styrfinn eftir lúrin. Að hann sofi, að hann sofi enginn treystir því.

Nemendur ganga réttssælis í hring en bangsi lúrir í miðjunni. Þegar kemur að vísupartinum „Að hann sofi“ stoppa börnin, ganga hænskref að bangsa og um leið og síðasta orðið er sungið potar einhver í hann. Þá upphefst eltingaleikur, bangsi á að reyna að ná hinum, og allir sem hann nær hjálpa honum svo þar til öllum hefur verið náð.

HANS OG GRÉTA

(FRÁ 3 ÁRA)

Allir standa í hring. Einn er valinn til að vera Hans og bundið fyrir augun á honum með slæðu eða trefli. Annar er valinn til að vera Gréta en Hans má ekki vita hver það er. Hans kallar nú á Grétu sem svarar með því að klappa saman lófunum. Hans gengur á hljóðið og þegar hann finnur Grétu heldur hann fast í hana og giskar á hver Gréta er.



Kátinan og gleðin yfir skemmtilegum leikjum setja punktinn yfir i-ið í vel heppnuðum barnaafmælum.



Afmælin kosta frá 1.390 krónum fyrir hvert barn.



SKÓLATILBOÐ

Skemmtigarðurinn í Smáralind tekur einnig á móti mörgum hópum úr skólum, félagsmiðstöðvum, íþróttafélögum og öðrum ungliðahreyfingum. Ýmis sértilboð eru í gangi fyrir skólahópa. Stundum koma foreldrar með og leika sér með krökkunum. Sama á hvaða aldri fólk er, það geta allir skemmt sér í Skemmtigarðinum.

Nánari upplýsingar um tilboð og annað er að finna á www.skemmtigarðurinnsmáralind.is. Einnig má hafa samband í netfangið skemmtigarður@skemmtigarður.is. Fréttir og fróðleik um Skemmtigarðinn í Smáralind má einnig nálgast á Facebook.



Frábær afmælisskemmtun

Í Skemmtigarðinum Smáralind er boðið upp á frábæra afmælisskemmtun fyrir káta krakka á öllum aldri.

Við bjóðum fjórar tegundir af barnaafmælum; Frumskógarpartí, Leikjapartí, Lasertagpartí og Mega leikjapartí,“ segir Svala Ástríðardóttir, sölu- og markaðsfulltrúi Skemmtigarðsins í Smáralind, sem er afar vinsæll staður fyrir krakkaafmæli. Pitsur og gos eða safi fylgja öllum afmælum í Skemmtigarðinum og öll afmælissbörn fá sérmerkt afmælissvæði þar sem borðin eru dekkjuð með litríkum dúkum, diskum, glösum og servíettum frá Skemmtigarðinum. „Fólki er að sjálfsögðu frjálst að koma með eigin borðbúnað ef afmælissbarnið er með séróskir,“ segir Svala og bendir á að öll afmælissbörn fái klukkustundarkort í Skemmtigarðinum í afmælisgjöf frá garðinum.

Frumskógarpartíin henta mjög vel börnum upp að sjö til átta ára aldri að sögn Svölu. „Þá byrja þau á að borða og fara síðan í einni halaröfu í klessubílana og allir afmælissgestir fá að stýra. Svo fara þau í Klifurhúsið okkar sem er skemmtilegt völundarhús með rennibrautum, boltalandi, loftbyssum og þrautbrautum. Í þessu afmæli eru allir gestir í samlitum vestum sem hefur mælst afar vel fyrir hjá foreldrum,“ lýsir Svala.

Leikjapartíin eru gríðarlega vinsæl enda henta þau börnum frá sex ára og upp úr. „Þá fá allir afmælissgestir eigið kort með einnar klukkustundar inneign. Þau komast þá tvisvar sinnum í stór tæki (Sleggjuna, 7D, klessubílana, fallturninn og í keilu) og geta svo leikið sér ótakmarkað í öllum vídeó- og tívolítækjunum,“ útskýrir Svala en eftir leikinn er afmælissveislun með pitsum og gosi eða safi.

Lasertagpartíin eru fyrir krakka sem orðnir eru tíu ára og eldri. „Þar er svaka hasar og mikið fjör. Gestir fara þá í tvo fimmtán mínútna leiki og koma svo í rjúkandi pitsur og gos eða safi,“ segir Svala.

Mega leikjapartíin eru svo tilvalin fyrir þá sem vilja gera meira. „Þá fá allir klukkustundarkort í garðinn og fara líka í tvo lasertagleiki. Allir gestir fá pitsur og gos eða safi og krapdjús.“

„Öllum er frjálst að mæta með eigin afmælissköku í sína veislu en við bjóðum einnig upp á gómsæta súkkulaðisköku með nammiskrauti og kertum fyrir afmælissbarnið. Við bjóðum einnig aukalega upp á popp og krapdjús.“ Svala segir marga bæta við kandífloði enda er það afar vinsælt hjá krökkum.

Foreldrar hafa verið afar ánægðir með fyrirkomulagið í Skemmtigarðinum í Smáralind. Meðan börnin leika sér geta foreldrar afmælissbarnsins slappað af og þegið kaffi á efri hæð garðsins. Þeim til þæginda býður Skemmtigarðurinn upp á samlit vesti til að auðveldara sé að þekkja börnin úr hópnum.



Öðruvísi pitsa í barnaafmælið

Rósa Guðbjartsdóttir er mikill snillingur þegar kemur að barnaafmælum. Í nýlegri bók hennar, *Partíréttir*, er hægt að finna margar skemmtilegar uppskriftir fyrir hin ýmsu tækifæri. Þar á meðal þessi ríspitsa sem hefur verið afar vinsæl og einfalt er að útbúa.

Rís-pitsa

Þessi réttur hefur alveg slegið í gegn hjá mér í barnaafmælunum og ljúft mascarponekremið og ferskir ávextirnir gera það að verkum að fullorðnir eru ekki síður sólgirnir í hann en börnin.

3 msk. smjör
300 g sykurlúðar
180 g rice krispies

Bræðið smjörið og sykurlúðana saman í potti við lágan hita. Hrærið vel í á meðan. Takið síðan af hitanum og hellið í stóra skál ásamt rice krispies. Blandið vel. Þegar mestur hitinn hefur rokið úr blöndunni er auðvelt að móta hana að vild en passið að hún kólni ekki um of áður en til mótnar kemur því blandan storknar frekar fljótt þegar hún kólnar. Ef ykkur finnst rískornið orðið of stíft þá er ráð að bleyta hendurnar með vatni, þannig mýkist kornið aðeins upp, eða jafnvel smyrja hendurnar með smá smjöri.

1 skammtur rice krispies-blanda (sjá að ofan)
Mascarpone-krem
200 g mascarpone-rjómaostur
50 g flórsykur
1 tsk. vanilludropar
Smá mjólk
Allt hrært vel saman og smurt yfir pitsuna.

Skreytt með ferskum ávöxtum og berjum að vild.



Óvenjuleg pitsa sem allir verða sólgirnir í.

Allt fyrir afmælið í einni ferð

Partýbúðin býður landsins mesta úrval af afmælistengdum vörum.

Í Partýbúðinni fást alls kyns skemmtilegheit fyrir afmæli. „Við erum með um fjörutíu þemu sem taka sifeldrum breytingum. Þannig hafa Angry Birds, Monster High og Kimmy Jr. nýlega bæst í hópinn með Barbie, Avengers, Batman og fleiri fígúrum og munstrum. Innan hvers þema fást meðal annars diskar, glös, dúkar, servéttur og jafnvel kökuform. Auk þess erum við með einlitan borðbúnað í sextán litum sem er hægt að nota með,“ segir Salbjörg Ólafsdóttir, verslunar- og rekstrarstjóri Partýbúðarinnar.

Borðbúnaðurinn fæst bæði í papp og plasti og er hægt að fá alls konar hatta, borða, gjafir og gjafapoka í stíl. Salbjörg segir þemum höfða til ólíkra aldurshópa og henta allt frá smábörnum til unglunga og fullorðinna. Auk þess er í versluninni mikið úrval af kertum, blöðrum og loftskrauti. „Við erum með tölustafakerti og hefðbundnu pinnakertin í úrvali sem og ríkulegt úrval af gestagjöfum og einlitum og áprentuðum latex- og gasblöðrum sem hægt er að fá upplásnar á staðnum.“

Partýbúðin var fyrsta verslunin á Íslandi sem flutti inn hinar vinsælu Wilton-bökunarvörur. „Nú eru þær fánlegar í ýmsum stórmörkuðum og höfum við því ákveðið



Í versluninni er að finna afmælisborðbúnað og tilheyrandi í miklu úrvali fyrir alla aldurshópa.

„Við erum með tölustafakerti og hefðbundnu pinnakertin í úrvali sem og ríkulegt úrval af gestagjöfum og einlitum og áprentuðum latex- og gasblöðrum sem er hægt að fá upplásnar á staðnum.“

að einbeita okkur að öðru. Þær eru því á fimmtíu prósent afslætti sem stendur. Við ætlum eftir sem áður að vera með álbökunarformin sem tilheyra þemunum áfram, sem og tilheyrandi bollakökuform.“

Salbjörg segir viðskiptavinum geta fengið allt fyrir afmæli í einni ferð í Partýbúðina. „Úrvalið er mikið og hentar breiðum aldurshópi. Þá er starfsfólk verslunarinnar boðið og búið að aðstoða viðskiptavinum við að velja saman allt sem til þarf. Auk þess erum við með mikið úrval grímubúninga sem og aðrar veislu- og tækifæristöngdar vörur í versluninni. Hingað er því alltaf gaman að koma.“



Með hamingjunni í liði

Afmælisveisla barns er skemmtileg en viðkvæm hátíðarstund. Til að veisluhöldin heppnist sem best og skilji eftir sig dýrmætar minningar er mikilvægt að sýna tillitsemi og kærleika í samskiptum við barnið. Hafðu eftirfarandi í huga næst þegar barnaafmæli ber upp á.

- Gefðu þér tíma til að ræða við barnið um góða hegðun í afmælinu og kenndu því sjálfsagða mannasiði, eins og að heilsa hverjum og einum gesti og vera vinsamlegur við alla.
- Vertu sáttfús ef barnið gleymir mannasiðunum. Minntu það frekar á að þakka gestunum fyrir komuna að afmælinu loknu og leysa þá út með dálítilli kveðjugjöf.
- Byrjaðu snemma að setja fram væntingar til félagsþroska barnsins og auktu þær ár frá ári. Með auknum aldri og þroska getur barnið sýnt meiri ábyrgð og æ meiri félagslega færni.
- Í hugum flestra barna er afmælisdagurinn sá hamingjuríkasti á árinu. Þau hlakka til vikum fyrir afmælið og eftir því sem spennan magnast aukast líkur á spennufalli og vonbrigðum. Sýndu samúð og skilning ef slíkt gerist í veislunni sjálfri. Börn verða auðveldlega ofurlíði borin í afmælisveislum og hlutverk foreldra er að hjálpa barninu að róa sig og njóta afmælisins á ný.
- Sýndu aldrei reiði né segðu neitt sem varpar skugga á merkilegasta dag ársins í lífi barnsins.



Afmælisbarnið skemmtir sér vel á gokart-brautinni með félögum sínum.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Skemmtum okkur í gokart

Afmælisbörnum finnst mjög spennandi kostur að halda upp á afmælið í gokart með vinum sínum. Gokart.is í Garðabæ býður upp á glæsilega aðstöðu fyrir barnaafmælin þar sem börn og unglingar eiga góðan dag í skemmtilegu umhverfi.

Fyrirtækið Gokart.is í Garðabæ byggir á margra ára reynslu í rekstri gokart-brauta á Íslandi. Gokart.is hefur verið leiðandi á markaðnum um langt skeið og er í dag staðsett í stórskemmtilegu 5.400 fermetra húsi í Garðabæ. Auk þess setja starfsmenn fyrirtækisins upp brautir víðs vegar um land og bjóða þannig viðskiptavinum sínum upp á gokart allan ársins hring. Sindri Vest, starfsmaður fyrirtækisins, segir það vera markmið þeirra að blása lífi í þessa stórskemmtilegu íþrótt sem fer sífellt vaxandi hérlendis. „Gokart er líka draumur margra barna og unglunga og þá hjá bæði strákum og stelpum. Enda er mjög vinsælt að halda upp á afmæli hér hjá okkur. Margir sem halda upp á afmælið sitt hjá okkur koma aftur og aftur. Lágmarksfjöldi afmælishópa er fimm börn og hæðarviðmiðið er 140 cm, þótt við gerum undantekningar ef einhver er minni í hópnum. Við getum tekið á móti mjög stórum hópum en fjölmennasta afmælið sem við höfum séð um innihélt um 40 börn þannig að hér er nóg pláss.“

Skemmtileg veitingaaðstaða

Vel er tekið á móti afmælisbarninu og gestum þess. „Við byrjum á því að fara yfir reglurnar með þeim svo aksturinn verði öruggur og skemmtilegur, auk þess sem allir fá hjálma og hálskraga. Afmælisastrinum er stillt upp sem 2 x 9 mínútna keyrslu. Fyrri 9 mínúturnar fara í að láta börnin fá tilfinningu fyrir bílnum. Þannig verður seinni hringurinn mun auðveldari og skemmtilegri hjá börnunum enda eru þau farin að læra inn á bílana og brautina sjálfa.“

Pegar keppninni er lokið eru forráðamenn afmælisbarnsins búnir að stilla upp veitingum á þægilegum og skemmtilegum veitingastað hússins sem ber nafnið Diner-inn. „Veitingastaðurinn er á tveimur hæðum og þaðan er útsýni yfir brautina og öll aðstaða til fyrirmyndar. Algengast er að fólk komi með pítsur, gos eða afmælisköku en salurinn sjálfur tekur 40 manns í sæti.“ Veitingasalinn er líka hægt að leigja undir önnur tilefni, til dæmis veislur og afmæli fyrir eldra fólk.

Myndatökan ómissandi

Eftir veitingarnar stilla krakkarnir sér upp á verðlaunapallinum og láta taka myndir af sér. „Myndatökur hér eru auðvitað stór hluti af veisluhöldunum. Margir krakkanna setja síðan myndir af sér og öðrum afmælisgestum á Facebook-síðu sína.“

Allar nánari upplýsingar má finna á www.gokart.is og á Facebook. Einnig má hafa samband í síma 771-2221 eða senda tölvupóst á gokart@gokart.is.



Sindri Vest og félagar hjá Gokart.is taka vel á móti afmælisbarninu og gestum þess.

MYND/ÚR EINKASAFNI



Eftir veitingarnar stilla börnin sér upp fyrir myndatöku.

MYND/ÚR EINKASAFNI





Karamellupopp ofan í káta krakka

KARAMELLUPOPP

1 bolli smjör
2 bollar púðursykur
½ bolli síróp
1 tsk. salt
½ tsk. matarsóði
1 tsk. vanilludropar
5 l poppað popp
Hitið ofninn í 95 gráður. Setjið poppið í mjög stóra skál eða bala.
Bræðið smjörið við lágan hita og

hrærið púðursykri, sírópi og salti saman við. Hrærið þar til suðan kemur upp og látið svo malla án þess að hræra í fjórar mínútur. Takið af hellunni og hrærið matarsóða og vanillu út í. Hellið í mjórri bunu yfir poppið og veltið því til á meðan.

Hellið poppinu í tver grunnar ofnskúffur og bakið í klukkustund. Hrærið í á 15 mínútna fresti. Brjótið poppið niður þegar það er orðið kalt.

www.allrecipes.com



Einfalt og ódýrt afmælisnakk.

SÍVINSÆLIR MUNNBITAR

Fáir krakkar fúlsta við súkkulaði-húðuðum sykurpúðum á pinna. Þeir kítla bragðlauka flestra en framsetningin þykir ekki síður lokkandi. Það má leika sér með útfærsluna en hráefnið er eftirfarandi:

500 g sykurpúðar
200 g suðusúkkulaði
Kökuskraut
Litlir pinnar eða litrík sogrör (má klippa í tvennt)

Hellið kökuskrauti í skál. Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði. Velgið aðeins. Stingið einum pinna í sykurpúða og dýfið neðri hluta hans í súkkulaðið. Dýfið síðan ofan í kökuskraut. Komið pinnanum fyrir á flötu undirlagi og látið stífna. Færið svo upp á fallegan disk og berið fram.



FRAMSETNINGIN SKIPTIR SKÖPUM

Veitingar í barnaafmælum þurfa ekki endilega að vera fullar af sykri. Það má í það minnsta bjóða upp á hollustu í bland.

Ef boðið er upp á niðurskorna ávexti og grænmeti borða börn það yfirleitt með bestu lyst og ekki síst ef framsetningin er skemmtileg.

Á meðfylgjandi myndum má sjá tver tillögur. Annars vegar gúrkuorm með tómatagum sem er notaður sem undirlag fyrir osta- og ananaspinna og hins vegar útskorna melónu fyllta með jarðarberjum og vínberum.

Það er um að gera að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn og útbúa hollustu sem gleður lítil augu. Þá eru allar líkur á að börnin hámi hana í sig.



ÆVINTÝRA GARÐURINN

OPID ALLA DAGA

HREYFING

KLIFURGRIND

AFMÆLI

HOPPUKASTALAR

AFÞREYING

BOLTALAND

KAFFI & NET

WWW.AEVINTYRAGARDURINN.IS SKÚTUVOGI 4

HARIBO